

Vinnuskýrslur fornleifa 2005: 4

Reykholtssel í Kjarardal

Fornleifarannsókn 2005



Guðrún Sveinbjarnardóttir



Reykjavík 2005

Ljósmynd á forsíðu: Selstæðið, séð í vestur. Svæði 1 til vinstri, 2 til hægri þar sem tjaldið er.
Ljósmynd: Guðrún Sveinbjarnardóttir.

© Guðrún Sveinbjarnardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Staðsetning og saga	5
Uppgröftur 2005 – framgangur og aðferðir	6
Yfirlit yfir það sem kom í ljós	8
Svæði 1	8
Svæði 2	9
Svæði 3	9
Niðurstöður – frekari rannsóknir.....	10
Heimildir	11
Viðauki 1: P.C. Buckland: Environmental programme	12
Viðauki 2: fundaskrá	14
Viðauki 3: einingaskrá	14
Viðauki 4: ljósmyndaskrá	15

Inngangur

Rannsókn Reykholtssels í Kjarardal tengist Reykholtssverkefninu svonefnda sem hleypt var af stokkunum 1999¹. Verkefnið miðar að því að kanna Reykholt frá ýmsum sjónarhornum, ekki síst á tímum Snorra Sturlusonar. Meðal rannsóknarefna er rekstur *staðarins* í Reykholti á miðöldum og fyrri hluta nýaldar, en í því sambandi er mikilvægt að kanna búnaðarsögu Reykholtss. Mikilvægur þáttur í henni er að varpa ljósi á efnahagslegt gildi seljabúskapar fyrir rekstur stórbýla og útskýra hvaða breytingar ollu því að seljabúskapur lagðist af. Hann mun hafa borist til Íslands frá Noregi með landnámsmönnum og var stundaður sums staðar á landinu allt fram til um 1900 (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991).

Bent hefur verið á sex staði þar sem talið er að haft hafi verið í seli frá Reykholti. Þeir eru 1. Kjarardalur/Kjaradalur/Kjör/Kjarardalur, 2. Faxadalur, 3. Reyðarvatnsós, 4. Vestri Fossárhöfði/Kaldárhöfði, 5. Selhöfði og 6. Geitland (Helgi Þorláksson 2004). Enginn vafi leikur á um selin í Kjarardal og Faxadal, en óvissa er um hina staðina. Rannsóknin hefur því beinst að fyrstnefndu tveimur stöðunum, og þó aðallega að Reykholtsseli í Kjarardal sem er best þekkt og elst ef marka má ritheimildir. Rannsóknin er unnin í samvinnu við breska verkefnið *Landscapes circum landnám*, sem lýtur að því að kanna áhrif mannsins á umhverfi sitt á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum (Edwards et al. 2004).



¹ Lýsingu á því er að finna á heimasíðu Snorrastofu. Vefslóðin er www.snorrastofa.is

Mynd 1. Selstæðið er þar sem rauði hringurinn er.



Mynd 2. Selstæðið séð í norður af melbungunni sunnan Kjarrár.

Staðsetning og saga

Í Kjardal norðan við Hvítársíðu eru fjölmörg selstæði frá bæjum í Hvítársíðu, Þverárhlið og Reykholtssdal. Rústir Reykholtssels sem nú er rannsakað eru u.þ.b. í miðju sellandinu, sem mun markast af Skjaldmeyjargili að vestan og vestara Rangagili, gegnt Þvergili, að austan². Selið stendur við Rönnustreng, norðan við Kjarrá, rétt vestan við læk sem rennur um Rangagil, og um 2 km austur af svonefndu Norðtunguseli (mynd 1). Rústasvæðið gæti skipst á tvö svæði (uppgraftarsvæði 1, og 2 og 3 á mynd 3), sem eru aðgreind af kindagötu. GPS punktur þar er 64° 45.763N og 21° 11.034 V. Landi hallar á þessum stað talsvert til suðurs að ánni, en byggðaminjarnar eru á dálitlum stelli í brekkunni. Neðan við þær er flatlendi niður að ánni og vestan við dálítið blautlendi. Á móti þeim, sunnan árinna, er áberandi melbunga (mynd 2), en yfir hana liggur vegslóðin um sunnanverðan dalinn. Tóftirnar eru mjög grónar. Reykholtssel er á afréttarlandi sem tilheyrir Hvítársíðuhreppi og Borgarbyggð og er nytjað af Upprekstrarfélagi Hvítársíðu og Þverárhliðar. Landið er ekki í einkaeign en rannsóknin er unnin í samráði við Ólaf Guðmundsson oddvita Hvítársíðuhrepps.

Reykholtssels í Kjardal er fyrst getið í elsta máldaga staðarins sem er frá 1185 eða fyrr (DI I, bls. 280). Benedikt Eyþórsson hefur m.a. skoðað heimildir í Þjóðskjalasafni um Reykholtssel í Kjardal, í uppskriftum frá 17. öld en upprunalega gerðar 1596, þar sem talað er um tvö Reykholtssel. Hann túlkar þessar heimildir þannig að selin hafi ekki bæði verið í notkun á sama tíma. Líklegast þykir honum að aðeins fremra selið hafi verið í notkun á 16. öld og að það hafi staðið þar sem nú er kallað Noðrtungusel (mynd 1). Kolefnisaldursgreiningar frá eldra selstæðinu staðfesta þá túlkun að selið hafi verið flutt á 16. öld (sjá hér að neðan).

² Eystri mörkin eru túlkun Benedikts Eyþórssonar, byggt á örnefnaskrá, en hann er MA nemi í sagnfræði við Háskóla Íslands og skrifar ritgerð um rekstur *staðarins* Reykhólts. Hann hefur þó ekki endanlega hafa gert upp hug sinn um þetta.



Mynd 3. Yfirlit yfir rústasvæðið sem sýnir uppgriftarsvæðin þrjú.

Uppgröftur 2005 – framgangur og aðferðir

Rannsóknin fór fram dagana 4. til 7. og 14. júlí. Ljúka átti rannsókn á einni viku, en aðfararnótt síðasta dagsins rigndi það mikið að Kjarrá varð ófær. Viku síðar var áin orðin fær og tókst þá að ljúka rannsókn og ganga frá. Að rannsókninni unnu fornleifafraeðingarnir Guðrún Sveinbjarnardóttir, stjórnandi hennar, Anies Hassan og Kristoffer Dahle. Þeir Helgi Þorláksson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Benedikt Eypórsson aðstoðuð við að ganga frá uppgriftarsvæðinu eftir rannsókn.

Sumarið 2004 gróf Óðinn Haraldsson, MA nemi í fornleifafraeði við Háskóla Íslands, fimmtán 1 x 1 m stórar könnunarholur með 10 m millibili yfir rústasvæðið, eða á um 50 x 40 m svæði. Holurnar voru gerðar í fjórum röðum sem liggja í c. norður-suður og auðkenndar sem A – O. Nokkrar þeirra eru merktar á yfirlitsupprátt á mynd 3. Tilgangurinn var að kanna umfang, eðli og aldur minjanna. Aðeins var grafið niður á mannvistarleifar þar sem þær komu í ljós og gerðar flatar- og sniðteikningar.

Sumarið 2005 var byrjað á því að gera yfirborðsupprátt af rústasvæðinu og opnaðir skurðir á tveimur stöðum (mynd 3). Skurður 1 við lækinn austast á svæðinu var 1,85 x 5,85 m að stærð og tekinn á stað sem af yfirborði virtist falla þvert yfir rúst. Var skurðurinn tekinn yfir könnunarholu I frá 2004 en í henni komu í ljós hellur og torf rétt undir grasrót. Skurður 2

og 3 eru vestast á svæðinu. Skurður 2, sem var 4 x 1,4-2,4 m að stærð var tekinn yfir könnunarholu C frá 2004, en úr henni voru tekin tvö sýni af koluðu birki og aldursgreind á bilið 1430-1670³. Skurður 3, sem var 1,1 x 1,8 m að stærð var tekinn aðeins norðar.

Rannsóknaraðferðir voru þær sömu og beitt hefur verið við uppgröftinn í Reykholti síðan 1998. Grafið var eftir jarðlögum í einum fleti eftir því sem unnt var eftir hinni svonefndu Harris Matrix aðferð (single context planning). Einnig var stuðst við snið þar sem við átti. Hverju jarðlagi, skurði og fyllingarlagi (samheiti kontext eða eining) var gefið númer. Hver eining var skráð á sérstakt eyðublað samkvæmt því kerfi sem notað er við Museum of London. Í flestum tilvikum voru einingar teiknaðar og ljósmyndaðar, bæði á litskyggjur og stafræna myndavél.

Konstantinos Velegrinos, MA nemi í landafræði við Háskóla Íslands, fór, áður en rannsókn hófst, með fjarkönnunartæki yfir rústasvæðið til þess að kanna hvaða ljósi slíkar mælingar geta varpað á útlit rústa fyrir uppgröft, og þar með hvort slík tækni getur hjálpað til við að gera rannsóknaráætlun fyrir uppgröft. Það svæði sem hann kannaði var 40 x 40 m að umfangi. Uppgriftarsvæðin og það sem þar fannst var látið falla að mælingarkerfi hans. Hann tók 4 GPS punkta (sjá mynd 3). Hnit þeirra eru:

Kjarardalur 01: N64 45.748 W21 11 0.64 hæð 159 m.y.s.

Kjarardalur 02: N64 45.742 W21 11.016 hæð 160 m.y.s.

Kjarardalur 03: N64 45.763 W21 11.004 hæð 165 m.y.s.

Kjarardalur 04: N64 45.769 W21 11.049 hæð 163 m.y.s.

Hæð var tekin á stóran stein, þann í miðið af 5 steinum austan við lækinn austast á svæðinu, austan við svæði 1

GPS staðsetning: N64 45.448 W21 110.08 hæð 165 m.y.s. (skekkja ± 6m)



Mynd 4. Hellur og veggjasteinar [101] á svæði 1, séð í norður.



Mynd 5. Veggjahleðsla [117] með kola- og móöskulagi ofaná, séð í suður.

³ SUERC-5121: RKHsel-04-1, C6: C-14 aldur 395±35, leiðrétt með 2 staðalfrávikum: 1430 - 1640
SUERC-5122: RKHsel-04-2, C6: C-14 aldur 290±35, leiðrétt með 2 staðalfrávikum: 1480 - 1670

Yfirlit yfir það sem kom í ljós

Svæði 1

Rétt undir grassverði var komið niður á hellur í nokkrum lögum í norðurjaðri svæðisins, sem líktust þakhellum, torf og það sem virtist vera hleðslugrjót í vegghleðslu í suðurjaðrinum [101] (mynd 4). Skurðurinn var tekinn þvert á allháa bungu og hallar landi mikið niður til beggja hliða (mynd 6). Í austurenda skurðarins var fljótt komið niður á allgrófa möl [102] (fremst á mynd 6) sem hefur að öllum líkindum borist þangað þegar lækurinn hefur skipt um farveg. Veggjasteinarnir urðu skýrari þegar neðar dró. Þeir liggja í torfi og ofan á þeim var allt upp í 16 sm þykkt lagskipt kola- og móöskulag (mynd 5).



Mynd 6. Vegghleðsla [117], séð í vestur.



Mynd 7. Svæði 1 í lok uppgrافتar, séð í vestur.

Engin óyggjandi merki um veggjahleðslur fundust þvert á skurðinn í báðum endum hans eins og búist hafði verið við af yfirborði. Þó var torf í vesturhluta suðursniðsins sem gæti tilheyrð vegg og steinahröngl í austurhluta skurðarins sem eins og valt niður hallann og ekki var neitt veggjalag á (fremst á mynd 6). Kola- og móöskulagið sem lá yfir vegghleðslu [117] stoppar skarpt við þar sem þetta steinahröngl byrjar, austan við vegghleðslu [117]. Ekki fundust heldur nein merki um gólflög undir þar sem þakhellurnar lágu. Við norðurbrún skurðarins var gerð c. 40 x 40 sm stór könnunarhola til þess að ganga úr skugga um þetta (mynd 7). Í henni var aðeins mold og svo komið niður á möl á um 70 sm dýpi frá yfirborði. Helst virðist sem vegghleðsla [117] sé endinn á vegg sem gengur til suðurs inn í skurðarbarminn. Ef svo er hefur móösku og kolum verið hent ofan á vegginn annars staðar frá. Þetta er hins vegar alls ekki ljóst og þarfnast nánari athugunar.

Á svæði 1 fundust 2 naglar, einn í yfirborðslagi 101 og hinn í lagi 117. Tekið var sýni af koluðum viði sem lá yfri vegghleðslu 117.

Svæði 2

Það var á þessu svæði sem aldursgreining fékkst á koluðum viði sem safnað var í könnunarholu C sumarið 2004. Opnað var yfir henni og útfyrir hana. Í norðurjaðri könnunarholunnar kom fram grjót sem gæti tilheyrt hleðslu (mynd 8). Það er þó ekki mikil veggjamynd á því eins og það sést í jaðri holunnar. Stungið var niður jarðvegsbor nálægt holunni, en af yfirborði mátti ætla að hér gæti hafa verið tóft (sjá mynd 3). Ekkert fannst sem staðfestir það og á þessu stigi rannsóknarinnar er ekki líklegt að kolin sem voru aldursgreind séu úr gólflagi. Þau og torf sem fannst á svæðinu benda hins vegar til óyggjandi mannvistarleifa. Í könnunarholu G sem er aðeins austar komu sumarið 2004 í ljós steinar í röð sem gætu verið hluti hleðslu. Kolaleifarnar á svæði 2 gætu átt uppruna sinn þar eða hafa borist lengra að, þ.e. af svæði 1. Úr þessu verður ekki skorið án frekari rannsóknar. Á svæði 2 fundust 2 naglar, báðir í kolalagi [106], en úr því komu sýnin sem voru aldursgreind. Um 40 sm ofan við kolalagið var malarlag sem fannst víða annars staðar á þessum hluta selstæðisins. Virðist sem skriða hafi fallið þarna eftir að hætt var að nota selið.



Mynd 8. Minjar á svæði 2, séð í norður.

Svæði 3

Þetta svæði var opnað rétt norðan við svæði 2, þar sem bakki er í landslaginu. Þarna virðist greinilega vera grjóthleðsla sem fylgir brún bakkans og hættir í línu við hann (mynd 9). Aðeins var grafið niður á grjótið en dýpt þess ekki rannsökuð frekar. Línur í landslagi gætu bent til þess að þarna sé e.t.v. tóft sem liggur í austur-vestur, en úr þessu verður ekki skorið án frekari rannsóknar.



Mynd 9. Svæði 3, séð í austur

Niðurstöður og frekari rannsóknir

Helsta niðurstaða þessarar rannsóknar í Reykholtsseli í Kjarardal er að hún staðfestir að á staðnum eru leifar bygginga. Þær eru hins vegar það grónar að ekki er unnt að ráða af yfirborðinu hvar og hvernig tóftir liggja. Litlar könnunarholur eins og þær sem gerðar voru hafa reynst koma að litlu gagni við að gera sér grein fyrir byggðamynstrinu. Ef uppgrefti verður haldið áfram á þessum stað, er lagt til að allstórt svæði verði fyrst opnað yfir svæði 1, þar sem vænta má að aðalbyggingar selsins hafi staðið, og að grafið verði í einum fleti. Heildaruppgröftur á þessum stað yrði fyrsta fornleifarannsókn á seli á Íslandi. Það yrði því verðugt verkefni. Ekki spillir fyrir að allnokkuð er vitað um þetta sel af ritheimildum og að niðurstöður úr fornleifarannsókn mundu tengjast fornleifarannsókninni á bæjarstæðinu í Reykholti og rannsóknnum á sögu staðarins sem nú er unnið að.

Áður en farið er út í fornleifarannsókn, sem mun taka langan tíma, vera flókin, erfið vegna legu staðarins og dýr í framkvæmd, er lagt til að gerð verði ítarleg umhverfisrannsókn á staðnum. Lagt er til að leitað verði að ruslahaugi og ef hann finnst, verði tekið úr honum 100% sýni til sigtunar og fleytingar, rannsóknar á skordýra- og jurtaleifum, og á dýrabeinum. Niðurstöður slíkra rannsókna geta gefið miklar upplýsingar um þá starfsemi sem fram fór á staðnum. Þannig hafa niðurstöður rannsókna á bjöllum í jarðlögum við Engidal í Berufirði t.d. bent til þess að á staðnum hafi verið sel frekar en bær síðustu árin sem þar var mannvist. Vísbendingar um þetta eru að þar fundust engar bjöllur sem tengjast heygeymslu, en slíkt er undirstaða heilsársbúskapar á Íslandi (Buckland & Sadler 1991). Þá er lagt er til að sams konar umhverfisrannsóknir verði gerðar á sýnum af hentugum stað utan rústasvæðisins. Í viðauka 1 er samantekt um framkvæmd og kostnað við umhverfisrannsókn á staðnum.

Ian Simpson, jarðvegsfræðingur við háskólann í Stirling í Skotlandi og þátttakandi í *Landscapes circum landnám* verkefninu skoðaði svæðið sumarið 2004, en hann hefur hug á að meta beitarþol og breytingar á því í gegnum tíðina og gera af því módel. Við slíkar rannsóknir er stuðst við rannsóknir á jarðvegi, gróðurkort og upplýsingar um skepnuhald og fjölda þeirra úr ritheimildum. Niðurstaðan varð sú að svæðið næst seljarústunum er það uppblásið og jarðvegur hreyfður að ekki þótti ástæða til að taka þar jarðvegssýni. Módelið verður því eingöngu byggt á gróðurkortum frá ýmsum tímum sem Guðrún Gísladóttir

landfræðingur við Háskóla Íslands mun útvega, og upplýsingum um skepnuhald sem Benedikt Eyþórsson lætur í té. Þessi vinna er komin í gang.

Heimildir

Buckland, P.C. & Sadler, J.P 1991. Farm or shieling. An entomological approach. Í Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991. Shielings in Iceland: an archaeological and historical survey. *Acta Archaeologica* Vol 62 - 1990, bls. 93-96.

Edwards, K.J., Buckland, P.C., Dugmore, A.J., McGovern, T.H., Simpson, I.A. & Sveinbjarnardóttir, G. 2004. Landscapes circum-*Landnám*: Viking settlement in the North Atlantic and its human and ecological consequences - a major new research programme. Í Housley, R.A. & Coles, G. (ritstj) *Atlantic connections and adaptations*. Symposia of the Association for Environmental Archaeology No. 21, bls. 260-271.

Guðrún Sveinbjarnardóttir 1991. Shielings in Iceland: an archaeological and historical survey. *Acta Archaeologica* Vol 62 - 1990, bls. 73-96.

Helgi Þorláksson 2004. *Sel Reykholts*. Greinargerð frá 18. febrúar send Menntamálaráðuneyti Íslands með beiðni um fé af lýðveldisgjöf Norðmanna 1994 til rannsóknar á seljum Reykholts.

Viðauki 1: Palaeoecological fieldwork at a shieling site

Paul C. Buckland

Potential

The extent to which a shieling impacts upon its immediate landscape will clearly vary as to the nature of exploitation. Sites which were used merely to provide shelter, lambing and milking facilities are likely to be less visible in the palaeoecological record than those where hay was collected and stored prior to movement to the base farm. The microflora and fauna of hay stores differs significantly from that of dung, both within and outwith buildings, and it has been possible to differentiate between farms and shielings on their respective insect faunas. Buckland and Sadler (1990) were able to do this on beetle (Coleoptera) faunas from Engihlíð in Berufjörður, and there is similar potential in the examination of true fly (Diptera) faunas (*cf.* Panagiotakoupulu 2004). Plant macrofossil analysis should provide similar results. Recently Innes and Blackford (2003) have used fungal spore frequency to examine the impact of vertebrates in maintaining clearings in forest, and their techniques are equally applicable to farmed landscapes, where spore frequency will reflect the intensity of grazing and the distribution of stock. By using the isochrones presented by the tephra, it should be possible to look at the spatial distribution of stock around a structure, although the tendency of some animals, particularly horses, to ‘yard’ (congregate) in limited areas is likely to complicate interpretation. The first arrival of grazing animals in an area should also be as visible in the fungi as in the insect fauna, with the added advantage of the smaller sample size allowing closer resolution.

Whilst shielings are unlikely to develop the deep midden deposits associated with more permanently occupied farms, waste materials associated with any activities taking place in or adjacent to the structures is likely to accumulate nearby, and the potential, as exploited at Goðatættur on Papey (Buckland *et al.* 1995), of examining the edge of the midden, where it interdigitates with the natural mire is considerable, allowing correlation between house and field.

Methods

The figure summarizes the range of techniques and sample sizes required for a fairly full palaeoecological study of any site. The same 5 litre samples can be utilized for most insect and plant macrofossil recovery, but separate, smaller samples would be necessary for particle size analysis. 50 g samples should be sufficient for pollen, charcoal, fungal microspore analysis and loss on ignition; soil micromorphology would need separate undisturbed box samples. In organic sediments, bulk samples of 5 l in 50 mm slices and kubiena tin columns of samples would be required through all suitable contexts. Initial study would be restricted to midden, proximity to midden, infield (where evident) and outfield columns. Four columns of perhaps ten samples each, including sufficient below the archaeology to examine the pre-Landnám landscape. Processing and sorting is likely to take ~ four months and identification a further two, depending on the groups examined. Costed in technician’s time and some payment of specialist fees, this amounts to about £12,000

References


Buckland, P. C., Edwards, K. J., Blackford, J., Dugmore, A. J., Sadler, J. P. & Sveinbjarnardóttir, G. (1995). A question of Landnám: pollen, charcoal and insect studies on

Papey, eastern Iceland. Ecological relations in historical times. Butlin, R. & Roberts, N. Oxford, Institute of British Geographers, Blackwell: 245-264.

Buckland, P. C. & Sadler, J. P. (1991) Farm or shieling: an entomological approach. In G. Sveinbjarnardóttir, Shielings in Iceland - an archaeological and historical survey. *Acta Archaeologica*, **61**, 93-96.

Innes, J. B. & Blackford, J. J. (2003) The Ecology of Late Mesolithic Woodland Disturbances: Model Testing with Fungal Spore Assemblage Data. *Journal of Archaeological Science*, **30**, 185-194.

Panagiotakopulu, E. (2004) Dipterous remains and archaeological interpretation. *Journal of Archaeological Science*, **31**, 1675-1684.



Skema sem sýnir ferlið við umhverfisrannsókn

Viðauki 2: fundaskrá

Númer	Lag	Heiti	Efni	Lýsing	Svæði
1	101	Nagli	Járn	Hauslaus, en mjókkar í endann	1
2	106	Nagli	Járn	Mjög flatur með mjög flatan haus	2
3	106	Nagli	Járn	Ferstrendur, neðri endi	2
4	117	Nagli	Járn	Ferstrendur, með ferhyrndan, aflangan haus	1

Viðauki 3: einingaskrá

Númer	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	Höf.
100	1	Lag	Grasrót.	4.7.2005	GS
101	1	Lag	Þakhellur og torfhrun	4.7.2005	GS
102	1	Lag	Mól	5.7.2005	AH
103	2	Lag	Grasrót.	5.7.2005	KD
104	2	Lag	Mól (Óðinn 3/4)	5.7.2005	KD
105	2	Lag	Koladreif, brún mold	5.7.2005	KD
106	2	Lag	Kolalag, rauð/grá mold (Óðinn 5/6)	5.7.2005	KD
107	2	Lag	Koladreif/silty mold	5.7.2005	KD
108	1	Lag	Steinar (undir 101)	6.7.2005	GS
109	1	Lag	Blandað torf	6.7.2005	AH
110	2	Lag	Blandað torf, kol	6.7.2005	KD
111	2	Lag	Dökkbrún mold	6.7.2005	KD
112	2	Lag	Rauð mold	6.7.2005	KD
113	2	Lag	Blönduð grá/brún/gul mold	6.7.2005	KD
114	2	Lag	Brún lífræn mold (yfirborð?)	6.7.2005	KD
115	2	Lag	Blandað silty	6.7.2005	KD
116	2	Lag	Grá mold, koladreif	7.7.2005	KD
117	1	Lag	Steinaröð með torfleifum	7.7.2005	AH

Viðauki 4: stafrænar ljósmyndir

Númer	Svæði	Eining	Horf	Lýsing	Dags.	Höf.
1			SV	Yfir selstæðið	4.7.2005	GS
2			V	Yfir selstæðið	4.7.2005	GS
3	2	105	NA	Yfirborð lags	5.7.2005	KD
4	2	105	NV	Yfirborð lags, SV hluti	5.7.2005	KD
5	2	105	NV	Yfirborð lags, könnunarhola, NA hluti	5.7.2005	KD
6	2	105	NV	Kolabyrping, yfirborð lags	5.7.2005	KD
7	2	106	NA	Kol og snið könnunarholu	5.7.2005	KD
8	2	105	NV	Könnunarhola, áður en hún var stækkuð	5.7.2005	KD
9	1	101	N	Hrun: þakhellur og veggjasteinar?	5.7.2005	GS
10	1	101	NV	Hrun: þakhellur og veggjasteinar?	5.7.2005	GS
11	2	106	NA	Kolabyrping, yfirborð lags	5.7.2005	KD
12	2	106	NV	Kolabyrping, yfirborð lags	5.7.2005	KD
13	1,2,3		V	Yfir rannsóknarsvæðin	6.7.2005	
14	1		A	Yfir rannsóknarsvæðið	6.7.2005	GS
15			SV	Yfir rannsóknarsvæðin	6.7.2005	GS
16			V	Yfir rannsóknarsvæðin	6.7.2005	GS
17			V	Yfir rannsóknarsvæðin	6.7.2005	GS
18			V	Yfir rannsóknarsvæðin	6.7.2005	GS
19			V	Yfir rannsóknarsvæðin	6.7.2005	GS
20	2	105	NV	Hugsanlegur steinveggur	6.7.2005	KD
21	2	105	SV	Hugsanlegur steinveggur	6.7.2005	KD
22	2		NA	Prófill, vísar í suður	7.7.2005	KD
23	2		NA	Prófill, vísar í suður	7.7.2005	KD
24	2		N	Yfir steinvegg og prófil	7.7.2005	KD
25	1	117	SV	Steinaröð og torfleifar: veggur?	7.7.2005	AH
26	1	117	NV	Steinaröð og torfleifar: veggur?	7.7.2005	AH
27	2	105	SV	Yfir steinhleðslu	7.7.2005	KD
28	2	105	NA	Yfir steinhleðslu	7.7.2005	KD
29	1		SV	Eftir uppgröft, SA endi	7.7.2005	AH
30	1		SV	Eftir uppgröft, mitt svæðið	7.7.2005	AH
31	1		SV	Eftir uppgröft, NV endi	7.7.2005	AH
32	1		NV	Eftir uppgröft, NV endi	7.7.2005	AH
33	1		NA	Eftir uppgröft, SA endi	7.7.2005	AH
34	1		NA	Eftir uppgröft, mitt svæðið	7.7.2005	AH
35	1		NA	Eftir uppgröft, NV endi	7.7.2005	AH
36	1		SA	Eftir uppgröft, NV endi	7.7.2005	AH
37	2		A	Steinhleðsla	7.7.2005	KD
38	2		A	Steinhleðsla	7.7.2005	KD
39	2		S	Steinhleðsla	7.7.2005	KD
40	1		SV	Prófill, vísar í norður: kola- og móöskulag	7.7.2005	GS